



Skýrsla Fjármálaskrifstofu

Við framlagningu ársreiknings Reykjavíkurborgar 2016

Lagt fram í borgarráði
27. apríl 2017

Borgarráð

Árseikningur Reykjavíkurborgar 2016 samanstendur af samstæðuuppgjöri, A- og B-hluta, og uppgjöri A-hluta sem samanstendur af Aðalsjóði, Eignasjóði og Bílastæðasjóði. Rekstur innan A-hluta er að hluta eða öllu leyti fjármagnaður með skatttekjum. Leiga fasteigna, gatna, áhalda, tækja og búnaðar er reiknuð í samræmi við reglur og leiðbeiningar um reikningsskil sveitarfélaga, þar sem eignir eru eignfærðar hjá Eignasjóði og leigðar til Aðalsjóðs. Til B-hluta teljast eftirtalin fyrirtæki og rekstrareiningar sem eru að minnsta kosti í helmingseigu borgarinnar: Faxaflóahafnir sf., Félagsbústaðir hf., Íþrótt- og sýningahöllin hf., Malbikunarstöðin Höfði hf., Orkuveita Reykjavíkur, Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs., Sorpa bs. og Strætó bs, auk Aflvaka hf og Jörundar ehf. Rekstur Slökkviliðs og Strætó er að mestu fjármagnaður með framlögum eignaraðila og eru framlögin gjaldfærð hjá Aðalsjóði. Hluti af tekjum Íþrótt- og sýningahallarinnar og Sorpu koma frá Aðalsjóði. Að öðru leyti eru fyrirtæki B-hluta rekin á grundvelli almennra þjónustutekna.

Rekstrarniðurstaða samstæðu Reykjavíkurborgar, A- og B-hluta, var jákvæð um 26.372 mkr en áætlun gerði ráð fyrir að rekstur samstæðunnar yrði jákvæður um 11.673 mkr sem var 14.699 mkr eða 126% yfir áætlun. Afkoma samstæðunnar er 31.351 mkr betri í ár heldur en hún var árið 2015.

Rekstrarniðurstaða A-hluta var jákvæð um 2.637 mkr en áætlun gerði ráð fyrir að hún yrði jákvæð um 475 mkr. Niðurstaðan var því 2.162 mkr betri en gert var ráð fyrir. Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði var jákvæð um 2.860 mkr en áætlun gerði ráð fyrir jákvæðri niðurstöðu um 1.830 mkr. Niðurstaðan fyrir fjármagnsliði var því 1.030 mkr betri en áætlun gerði ráð fyrir.

Rekstrarniðurstaða Aðalsjóðs var neikvæð um 3.411 mkr en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir að niðurstaðan yrði neikvæð um 7.279 mkr og var niðurstaðan því um 3.868 mkr betri en áætlað var.

Rekstrarniðurstaða Eignasjóðs var jákvæð um 5.570 mkr en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir að niðurstaðan yrði jákvæð um 7.650 mkr og niðurstaðan því 2.080 mkr lakari en áætlað var eða um 27,2%.

Rekstrarniðurstaða Bílastæðasjóðs var jákvæð um 479 mkr en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir að niðurstaðan yrði jákvæð um 104 mkr og var niðurstaðan því 375 mkr betri en áætlað var.

Skýrsla Fjármálaskrifstofu til borgarráðs við framlagningu ársreiknings Reykjavíkurborgar fyrir 2016 er unnin með svipuðum hætti og fyrri skýrslur með ársreikningum og árshlutareikningum. Tilgangurinn með skýrslunni er að gefa borgarráði glögga mynd af meginniðurstöðum uppgjorsins vegna stefnumótunar og eftirlitshlutverks borgarfulltrúa.

Athygli er vakin á að í þessu uppgjöri er síðasta sjálfstæða uppgjör Bílastæðasjóðs en rekstur hans mun renna inn í Aðalsjóð og eignirnar inn í Eignasjóð hinn 1. janúar 2017. Jafnframt hefur verið ákveðið að Jörundur ehf, sem er hættur allri starfsemi, verði sameinaður A-hluta borgarsjóðs miðað við 1. janúar 2017. Nýtt mannauðs- og launakerfi var tekið í notkun í áföngum á árinu og áætlað er að innleiðingu þess ljúki á árinu 2017.

Birgir Björn Sigurjónsson,
fjármálastjóri

1. Samandregnar niðurstöður og helstu ábendingar	1
3. Samstæðan	4
3. A-hluti	6
3.1 Fjármagnsliður A-hluta	10
3.1.1 Skulda- og áhættustýring	10
4. Skattspor A-hluta	11
Viðauki 1: Kennitölur	12
Viðauki 2: Þróun hreinna skulda A-hluta og samstæðu	15
Viðauki 3: Lánveitendur A-hluta og samstæðu	16
Viðauki 4: Fjármálastjórn 2016	17

1. Samandregnar niðurstöður og helstu ábendingar

Samstæðan

Rekstrarniðurstaða var jákvæð um 26,4 mkr. Áætlun gerði ráð fyrir jákvæðri niðurstöðu upp á 11,7 mkr. Rekstrarniðurstaða árið 2015 var neikvæð um 5 mkr. Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði var jákvæð um 20,8 mkr eða rúmum 1,8 mkr yfir áætlun.

Skatttekjur voru 75,9 mkr eða 0,6 mkr yfir áætlun.

Framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga voru 6,7 mkr eða 0,6 mkr yfir áætlun.

Aðrar tekjur voru 73 mkr eða 0,4 mkr undir áætlun.

Launakostnaður var 63,5 mkr eða tæpum 1,3 mkr undir áætlun.

Hækkun lífeyrisskuldbindingar var 5,1 mkr eða á pari við áætlun.

Annar rekstrarkostnaður nam 49,9 mkr og var um 0,3 mkr undir áætlun.

Afskriftir námu 16,3 mkr en áætlun gerði ráð fyrir 15,7 mkr. Afskriftir árið 2015 námu einnig 16,3 mkr.

Fjármunatekjur samstæðunnar að frádregnum fjármagnsgjöldum námu 0,9 mkr. Fjármagnsgjöld samstæðunnar árið 2015 námu 13,2 mkr. Viðsnúning á milli ára má að mestu rekja til áhrifa fjármunatekna hjá OR sem námu 3,1 mkr og hækkuðu um 13,9 mkr milli ára. Það má einkum rekja til gangvirðisbreytinga innbyggðra afleiða í raforkusölusamningum.

Matsbreyting fjárfestingaeigna Félagsbústaða nam um 10,9 mkr sem rekja má til hækkunar á gangvirði fasteigna félagsins.

Heildareignir voru 535,5 mkr í árslok en námu í ársbyrjun 525,6 mkr og hækkuðu um 9,9 mkr.

Eigið fé samstæðunnar nam 245 mkr í árslok en í byrjun árs var eigið fé samstæðunnar 224 mkr. Þýðingarmunur¹ Orkuveitu Reykjavíkur lækkaði eigið fé samstæðunnar um 6,6 mkr.





Skuldbindingar samstæðunnar námu 38,1 mkr í árslok en voru í byrjun árs 34,4 mkr. Lífeyrisskuldbindingin hækkaði um 3 mkr og tekjuskattskuldbinding hækkaði um 0,7 mkr.

Langtímaskuldir samstæðunnar lækkuðu frá áramótum um 12,7 mkr og stóðu í 207,1 mkr í árslok en voru 219,7 mkr í ársbyrjun. Greidd voru upp langtímalán og leiguskuldir að fjárhæð 17,8 mkr sem var nokkru lægra en áætlað var en áætlun reiknaði með að greiðslur af langtímalánum og leiguskuldum næmu um 22,5 mkr. Lántaka var yfir áætlun en tekin voru ný lán fyrir 15,2 mkr en áætlaðar lántökur námu 13,9 mkr. Afborganir langtímalána og leiguskulda sem gjaldfalla á næstu 12 mánuðum nema 16,5 mkr. Skuldaviðmið samstæðunnar (án OR) lækkaði um 12%-stig milli ára úr 97% í 85%.

Skammtímaskuldir samstæðunnar námu 45,3 mkr en veltufjármunir námu 51,3 mkr og veltufé á móti skammtímaskuldum var 1,1.

Fjárfestingar samstæðunnar í varanlegum rekstrarfjármunum námu 24,3 mkr en áætlað var að fjárfesta fyrir 28,2 mkr á árinu.

Handbært fé samstæðunnar nam 26,6 mkr í árslok og var 2,2 mkr lægra en áætlun gerði ráð fyrir.



¹ Þýðingarmunur vegna dótturfélags sem gerir upp í erlendri mynt. Þýðingarmunurinn myndast þar sem fjárhæðum í rekstrarreikningi félagsins er breytt í íslenskar krónur miðað við meðalgengi ársins en fjárhæðum í efnahagsreikningi félagsins er breytt í íslenskar krónur miðað við dagslokagengi 31.12.2016

A-hluti

Rekstrarniðurstaða A-hluta var jákvæð um 2,6 mkr. Áætlun gerði ráð fyrir jákvæðri niðurstöðu um 0,5 mkr.

Skatttekjur A-hluta voru 76,4 mkr eða 0,5 mkr yfir áætlun.

Framlög Jöfnunarsjóðs voru 6,7 mkr eða 0,6 mkr yfir áætlun.

Aðrar tekjur voru 17,5 mkr eða 0,8 mkr undir áætlun.

Launakostnaður var 51,6 mkr og 0,8 mkr undir áætlun.

Gjaldfærsla lífeyrisskuldbindingar var 5 mkr eða á pari við áætlun.


Annar rekstrarkostnaður nam 36,6 mkr og var 0,2 mkr undir áætlun.

Fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum námu 9,5 mkr og voru 1,8 mkr undir áætlun. Tekjur af gatnagerðargjöldum og sala byggingaréttar námu 4,1 mkr og voru um 3 mkr undir áætlun.


Helstu ábendingar

- Samkvæmt bráðabirgðamati Sambands íslenskra sveitarfélaga námu tapaðar brúttó útsvarstekjur A-hluta vegna ráðstöfunar iðgjalds séreignarsparnaðar til lækkunar húsnæðislána u.þ.b. 638 mkr vegna tekjuársins 2015. Ef tekið er mið af því má ætla að útsvarstekjutap borgarinnar vegna skattfrjálsrar greiðslu séreignarsparnaðar inn á fasteignalán nemi þannig alls u.þ.b. 3,1 mkr vegna tímabilsins 1. júlí 2014 til 30. júní 2019. Þá er áætlað að borgarsjóður verði af 250-300 mkr á ári vegna stuðnings við kaup á fyrstu íbúð. Mikilvægt er að tryggja að Reykjavíkurborg og öðrum sveitarfélögum verði bætt það útsvarstekjutap sem hlýst af aðgerðum ríkisins í húsnæðismálum.
- Veltufé frá rekstri A-hluta var 10,9 mkr sem var 3,2 mkr yfir áætlun. Veltufé frá rekstri í hlutfalli af tekjum var 10,9%. Mikilvægt er að veltufé frá rekstri verði áfram sterkt við ríkjandi efnahagsaðstæður og að það styrkist enn frekar ef spenna á vinnu- og fasteignamarkaði heldur áfram að aukast til að stuðla að stöðugleika í rekstri borgarinnar yfir hagsveifluna og skapa svigrúm til að mæta áhrifum niðursveiflu síðar meir. Eins er mikilvægt að ríflegur afgangur verði af rekstri A-hluta.
- Gjaldfærsla lífeyrisskuldbindingar A-hluta var 5 mkr eða á pari við áætlun.
- Óhagstæð þróun í umhverfi Félagsbústaða ásamt stækkun eignasafnsins kallar á hækkun á leiguverði félagsins til að sporna við frekari veikingu veltufjár frá rekstri og frekari lækkun vaxta- og skuldaþekju. Lögð hefur verið fram tillaga í velferðarráði þess efnis. Í umsógn fjármálaskrifstofu um tillöguna dags. 28. nóvember 2016 kemur m.a. fram að rekstur félagsins geti ekki talist sjálfbær á árinu 2017 ef ekki kemur til hækkunar leigu. Jafnframt er þar lagt til að leiguverð Félagsbústaða hækki um 7% umfram verðlag í stað þeirrar 5% hækkunar sem gert er ráð fyrir í framangreindri tillögu og er þar horft til fjárhagslegrar greiningar á stöðu félagsins næstu árin og þeirrar staðreyndar að það hyggir á útgáfu skuldabréfa í eigin nafni á næstunni. Mikilvægt er að félaginu takist vel til við þessa útgáfu enda hefur það undanfarin misseri reitt sig á lán frá Lánasjóði sveitarfélaga með veði í útsvarstekjum borgarinnar.


Rekstrarniðurstaða A-hluti




Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði A-hluti











Greiðslugeta A-hluti




Skuldir og skuldbindingar samstæða



Aðrir áhugaverðir mælikvarðar



3. Samstæðan



Samstæða (mkr)	Raun 2016	Áætlun 2016	Frávik	%
Tekjur	155.556	154.791	765	0,5%
Laun og launat..gj.	63.475	64.760	-1.285	-2,0%
Hækkun nettó lífeyrisskuld.	5.115	5.080	35	0,7%
Annar rekstrark.	49.887	50.185	-298	-0,6%
Afskriftir	16.257	15.733	523	3,3%
Fjármagns.l.	890	-9.003	9.893	-109,9%
Tekjuskattur	-4.748	-2.143	-2.605	121,6%
Matsbr. fjárf.eigna	10.942	3.786	7.156	189,0%
Hludt. í afk. tengdra f.	-1.536	0	-1.536	
Rekstrarniðurstaða	26.372	11.673	14.699	125,9%

tekjufærsla en var í fyrra 10,2 mkr gjaldfærsla en þessi liður sveiflast með breytingum á álverði.

Heildareignir voru 535.478 mkr, þar af í fastafjármunum 484.145 mkr og í veltufjármunum 51.333 mkr. Vakin er athygli á því að fastafjármunir eru metnir í samstæðuuppgjöri Reykjavíkurborgar skv. kostnaðarverðsreglu með þeirri undantekningu að Orkuveita Reykjavíkur og Félagsbústaðir hf. nota gangvirðisreglu skv. alþjóðlegum reikningsskilastaðli IFRS².

Heildarskuldir voru 290.465 mkr og eigið fé 245.013 mkr.

Veltufé frá rekstri nam 34.252 mkr samanborið við 30.948 mkr skv. fjárhagsáætlun. Handbært fé frá rekstri nam 30.650 mkr en áætlun gerði ráð fyrir 29.522 mkr. Framlag vegna lífeyrisgreiðslna nam 2.086 mkr en áætlaðar lífeyrisgreiðslur námu 1.950 mkr.

Fjárfestingahreyfingar voru neikvæðar í heildina um 17.727 mkr.

Fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum voru 24.257 mkr en áætlun gerði ráð fyrir að fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum næmu 28.212 mkr. Tekjur af gatnagerðargjöldum og sölu byggingarréttar námu 4.789 mkr, en áætlun gerði ráð fyrir 7.137 mkr.

Fjármögnunarhreyfingar voru neikvæðar um 880 mkr, þar af voru ný langtímalán 15.248 mkr en áætlun gerði ráð fyrir að lántökur næmu 13.885 mkr. Afborganir langtímalána voru 17.849 mkr en áætlaðar afborganir námu 22.531 mkr.


Rekstrarniðurstaða samstæðu Reykjavíkurborgar, A- og B-hluta, var jákvæð um 26.372 mkr en áætlun gerði ráð fyrir að rekstur samstæðunnar yrði jákvæður um 11.673 mkr sem var 14.699 mkr eða 126% yfir áætlun. Afkoma samstæðunnar er 31.351 mkr betri í ár heldur en hún var árið 2015.

Ef horft er framhjá matsbreytingum fjárfestingareigna var afkoma samstæðunnar jákvæð um 15.430 mkr.

Rekstrartekjur námu 155.556 mkr og voru 765 mkr hærri en áætlað var eða 0,5%. Rekstrartekjur hækkuðu um 11.629 mkr frá fyrra ári eða um 8,1%.

Rekstrargjöld án afskrifta námu 118.477 mkr og voru 1.548 mkr undir áætlun eða 1,3%. Rekstrargjöld lækkuðu um 4.600 mkr milli ára eða 3,7%.

Fjármagnstekjur samstæðunnar námu 890 mkr en áætlun gerði ráð fyrir fjármagnsgjöldum að fjárhæð 9.003 mkr. Fjármagnsgjöld lækkuðu um 14.111 mkr milli ára. Viðsnúning á milli ára má að mestu rekja til áhrifa nettó fjármunatekna hjá OR sem námu 3.089 mkr en fyrir ári síðan voru nettó fjármagnsgjöld 10.843 mkr. Það má einkum rekja til gangvirðisbreytinga innbyggðra afleiða í raforkusölusamningum sem í ár var 2,9 mkr



² International Financial Reporting Standards.


Eftirfarandi **kennitölur** lýsa fjárhagslegri stöðu samstæðu Reykjavíkurborgar miðað við ársuppgjör síðastliðin 5 ár³.

Samstæða	2012	2013	2014	2015	2016
Eiginfjárlutfall	31,4%	40,1%	43,1%	42,6%	45,8%
Arðsemi eigin fjár	-1,8%	5,7%	5,8%	-2,3%	11,8%
Veltufjárlutfall	0,87	0,92	0,93	0,94	1,13
Skuldsetningarhlutfall	176,3%	120,6%	104,2%	98,1%	84,5%
Uppgreiðslutími	10	9	9	8	7
Skuldaviðmið skv sveitarstj lögum*	93%	92%	92%	97%	85%
Veltufé frá rekstri/rekstrartekjum	24%	23%	20%	22%	22%
Framlegð/rekstrartekjur	26%	29%	22%	14%	24%

* Skuldaviðmið skv. sveitarstjórnarlögum miðast við samstæðuna án Orkuveitu Reykjavíkur

³ Sjá lýsingar á kennitölum í viðauka 1. Fjárhæðir fyrri ára í kennitölum og myndum taka mið af útgefnum árshlutareikningum fyrri ára. Þeim er því ekki breytt þó fjárhæðum samanburðarárs í árshlutareikningi sé breytt.

3. A-hluti



A-hluti (mkr)	Raun 2016	Áætlun 2016	Frávik	%
Tekjur	100.567	100.310	256	0,3%
Laun og launat.gj	51.608	52.397	-788	-1,5%
Breyt. lífeyrisk.b.	5.038	5.013	25	0,5%
Annar rekstrark.	36.566	36.749	-183	-0,5%
Afskriftir	4.494	4.322	172	4,0%
Fjármagnsliðir	-224	-1.356	1.132	-83,5%
Rekstrarniðurstaða	2.637	475	2.162	455,6%

útsvar var 913 mkr hærra en áætlun gerði ráð fyrir.

Fasteignaskattar voru 14.140 mkr nettó eða 786 mkr undir áætlun en endurálagning fasteignagjalda vegna breytts fasteignamats Hörpu fyrir árin 2011-2016 vó þar þyngst eða 737 mkr.

Framlög Jöfnunarsjóðs voru 6.704 mkr eða 565 mkr yfir áætlun þar sem framlög til málefna fatlaðs fólks voru 596 mkr yfir áætlun.

Aðrar tekjur voru 17.481 mkr og voru 840 mkr undir áætlun. Aðrar tekjur Aðalsjóðs voru 1.054 mkr yfir áætlun og tekjur Eignasjóðs voru 1.208 mkr undir áætlun og tekjur Bílastæðasjóðs voru 304 mkr yfir áætlun⁴ en milliviðskipti voru 308 mkr hærri en áætlun gerði ráð fyrir.

Eftirfarandi tafla sýnir sundurliðun tekna A-hluta:

Tekjur (mkr)	Raun 2016	Áætlun 2016	Frávik	%
Útsvar, brúttó	68.706	67.793	913	1,3%
Framlag í Jöfnunarsjóð	-8.328	-8.217	-111	1,3%
Skattbr. niðurfærslur og eftirá álagt útsvar	1.865	1.350	515	38,1%
Útsvar, nettó	62.243	60.926	1.317	2,2%
Fasteignaskattur	12.961	13.726	-764	-5,6%
Lóðaleiga	1.174	1.200	-26	-2,2%
Afskrifaðir fasteignaskattar	4	0	4	
Fasteignaskattur, nettó	14.140	14.926	-786	-5,3%
Samtals skatttekjur	76.382	75.851	531	0,7%

Árshlutareikningur A-hluta er samantekinn reikningur Aðalsjóðs (AS), Eignasjóðs (ES) og Bílastæðasjóðs (BS).


Myndin hér til hliðar sýnir niðurstöðu í rekstri A-hluta á árinu 2016 í samanburði við fjárheimildir. Prósentuhlutföll lýsa fráviki raunniðurstöðu m.v. áætlun. Allar tölur eru í milljónum króna.

Rekstrarniðurstaða A-hluta var jákvæð um 2.637 mkr en áætlun gerði ráð fyrir að hún yrði jákvæð um 475 mkr. Niðurstaðan var því 2.162 mkr betri en gert var ráð fyrir. Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði var jákvæð um 2.860 mkr en áætlun gerði ráð fyrir jákvæðri niðurstöðu um 1.830 mkr. Niðurstaðan fyrir fjármagnsliði var því 1.030 mkr betri en áætlun gerði ráð fyrir.

Ósamþykktir reikningar A-hluta námu 12 mkr og þar af voru reikningar vegna fjárfestinga 0,7 mkr.

Rekstrartekjur voru 100.567 mkr eða 256 mkr yfir áætlun. Útsvar var 1.317 mkr yfir áætlun, framlög Jöfnunarsjóðs voru 565 mkr yfir áætlun en fasteignaskattar voru 786 mkr undir áætlun og þjónustutekjur voru 840 mkr undir áætlun.

Skatttekjur Skatttekjur námu 76.382 mkr og voru 531 mkr yfir áætlun. Útsvarstekjur nettó voru 62.243 mkr eða 1.317 mkr yfir áætlun eða 2,2%. Hækkun útsvarstekna má aðallega rekja til þess staðgreitt



⁴ Sjá nánar umfjöllun um Aðalsjóð í kafla 1, Eignasjóð í kafla 2 og Bílastæðasjóð í kafla 3 í heftinu Greinargerð fagsviða og sjóða A-hluta.

Framlag v. þjónustu við fatlað fólk	5.060	4.464	596	13,4%
Jöfnunarsjóður sveitarf., önnur framlög	1.643	1.674	-31	-1,8%
Framlag jöfnunarsjóðs samtals	6.704	6.138	565	9,2%
Þjónustutekjur	8.940	7.649	1.290	16,9%
Eignatekjur	17.821	18.440	-619	-3,4%
Endurgreiðslur annarra	4.875	4.586	289	6,3%
Aðrar tekjur	6.797	6.536	261	4,0%
Söluhagnaður (tap) eigna	1.820	3.574	-1.754	
Milliviðskipti tekin út	-22.772	-22.464	-308	1,4%
Samtals aðrar tekjur	17.481	18.321	-840	-4,6%
Tekjur alls	100.567	100.310	256	0,3%

Eftirfarandi tafla sýnir sundurliðun á greiðslum Reykjavíkurborgar til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og greiðslur Jöfnunarsjóðs til Reykjavíkurborgar á móti. Þar sem fram kemur að Reykjavíkurborg fær 342 mkr meira en áætlað var og greiðir 111 mkr meira en áætlað var inn í sjóðinn⁵:

Greiðslur í Jöfnunarsjóð	Raun 2016	Áætlun 2016	Frávik	%
Hlutd. Jöfnunarsj. í staðgreiðslu vegna grunnskóla	3.643	3.595	48	1,3%
Hlutdeild Jöfnunarsjóðs í staðgr. v málefna fatlaðra	4.684	4.622	62	1,3%
Samtals greiðslur í Jöfnunarsjóð	8.328	8.217	111	1,3%

Greiðslur frá Jöfnunarsjóði	Raun 2016	Áætlun 2016	Frávik	%
Framlag vegna málefna fatlaðs fólks	5.060	4.464	596	13,4%
Framlag vegna sérskóla	1.162	1.152	10	0,9%
Framlag vegna tónlistarskóla	412	439	-27	-6,2%
Annað	69	83	-14	-16,8%
Samtals greiðslur frá Jöfnunarsjóði	6.704	6.138	565	9,2%

Aðrar greiðslur frá Jöfnunarsjóði	Raun 2016	Áætlun 2016	Frávik	%
Almennar húsaleigubætur - hlutur ríkisins	1.236	1.413	-177	-12,5%
Sérstakar húsaleigubætur - hlutur ríkisins	566	613	-47	-7,6%
Samtals aðrar greiðslur frá Jöfnunarsjóði	1.802	2.026	-224	-11,0%

Heildargreiðslur frá Jöfnunarsjóði	8.506	8.164	342	4,2%
---	--------------	--------------	------------	-------------

Nettó greiðslur úr Jöfnunarsjóði	178	-53	231	-435,9%
---	------------	------------	------------	----------------

Rekstrargjöld voru án afskrifta 93.212 mkr eða um 946 mkr undir fjárhagsáætlun. Helstu frávik frá rekstrargjöldum í A-hluta má rekja til launa og launatengdra gjalda (788 mkr undir) og fjárhagsaðstoðar (799 mkr undir).

Launakostnaður nam 51.608 mkr og var 788 mkr undir fjárheimildum eða 1,5%.



Gjaldfærsla lífeyrisskuldbindingar nam 5.038 mkr og var 25 mkr yfir fjárheimildum.

Annar rekstrarkostnaður nam 36.566 mkr og var 183 mkr undir fjárheimildum.

Afskriftir námu 4.494 mkr og voru 172 mkr yfir áætlun.

Nettó fjármagnsgjöld voru 224 mkr eða 1.132 mkr lægri en áætlun gerði ráð fyrir. Stærstu frávikin lágu í að vaxtagjöld Eignasjóðs voru 709 mkr undir áætlun einkum vegna lægri verðbólgu en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir sem og að tekjur af ábyrgðargjaldi voru 265 mkr yfir áætlun vegna ákvörðunar eigenda OR að hækka ábyrgðargjald af sérleyfisrekstri og tekjur af eignarhlutum í félögum voru 150 mkr yfir áætlun.⁶ Auk þess sem ávöxtun á skuldabréfasafni borgarinnar var betri en gert var ráð fyrir.

Heildareignir voru 160.181 mkr, þar af voru fastafjármunir 137.581 mkr og veltufjármunir 22.600 mkr. Skuldir og skuldbindingar voru 83.766 mkr og eigið fé 76.415 mkr.



⁵ Greiðslur Jöfnunarsjóðs vegna kostnaðarhlutdeildar ríkisins í húsaleigubótum færast undir aðrar tekjur.

⁶ Nánar er fjallað um fjármagnslið A-hluta í kafla 3.1.


Veltufé frá rekstri nam 10.933 mkr samanborið við áætlað 7.231 mkr. Handbært fé frá rekstri nam 6.507 mkr en áætlun gerði ráð fyrir 5.281 mkr. Framlag vegna lífeyrisgreiðslna nam 2.058 mkr en áætlaðar lífeyrisgreiðslur námu 1.950 mkr.

Fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum námu 9.494 mkr.

Fjármögnunarhreyfingar námu 63 mkr innstreymi, þar af voru tekin ný langtímalán 2.201 mkr en afborganir langtímalána námu 2.062 mkr. Hækkun á handbæru fé nam 3.081 mkr en áætlun gerði ráð fyrir 2.977 mkr hækkun.

Handbært fé í árslok var 8.678 mkr.

Eftirfarandi kennitölur lýsa fjárhagslegri stöðu A-hluta miðað við ársuppgjör síðastliðin 5 ár:⁷



A-hluti	2012	2013	2014	2015	2016
Eiginfjárlutfall	57,9%	58,3%	57,6%	47,8%	47,7%
Arðsemi eigin fjár	0,2%	3,8%	-3,3%	-15,6%	3,6%
Veltufjárlutfall	1,88	1,43	1,31	1,18	1,57
Skuldsetningarhlutfall	43,2%	42,0%	43,1%	54,0%	53,2%
Uppgreiðslutími	5	6	9	8	4
Skuldaviðmið skv sveitarstj lögum	60%	64%	65%	71%	63%
Veltufé frá rekstri/rekstrartekjum	10%	9%	5%	6%	11%
Framlegð/rekstrartekjur	5%	9%	1%	-10%	7%

Bílastæðasjóður flokkast með A-hluta 2014, samanburðartölur 2012 og 2013 taka mið af því

Fjármálaskrifstofa vekur athygli á:

- Góður árangur náðist í rekstri sviðanna á árinu. Öll sviðin voru innan fjárheimilda ef frá er talið Velferðarsvið án bundinna liða.
- Spenna jókst á vinnumarkaði á árinu sem skapaði hagstæðar aðstæður þegar horft er til hagsveiflutengdra tekna og útgjalda. Nettó útsvarstekjur voru 1.316 mkr umfram áætlun, framlög frá Jöfnunarsjóði vegna málefna fatlaðs fólks voru 596 mkr yfir áætlun sem einkum má rekja til hærri útsvarstekna sveitarfélaga og útgjöld vegna fjárhagsaðstoðar var 799 mkr undir áætlun.
- Tekjur af sölu fasteigna og byggingaréttar var 1.754 mkr undir áætlun, einkum vegna seinkunar framkvæmda á uppbyggingarreitum á Kirkjusandi og í Vogabyggð.
- Fasteignaskattar voru 786 mkr undir áætlun en endurálagning fasteignagjalda vegna breytts fasteignamats Hörpu fyrir árin 2011-2016 vó þar þyngst eða 737 mkr.
- Nettó gjöld vegna fjármagnsliðar voru 1.132 mkr undir áætlun sem einkum mátti rekja til hagstæðra markaðsaðstæðna og aukinna tekna af arði og ábyrgðargjaldi.
- Vakin er athygli á umfjöllun um aðgerðir í skólamálum á bls. 11 í greinargerð fagsviða og sjóða A-hluta.
- Athygli er vakin á að lífeyrissjóðurinn Brú hefur breytt samþykktum sjóðsins sem felur í sér að nýtt réttindaávinnslukerfi tekur gildi 1. júní nk. og frá þeim tíma verða réttindi sem stofnast af iðgjaldagreiðslum samkvæmt nýja kerfinu, þ.e. aldursbundin réttindaávinnsla. Vegna þessara breytinga gerir lífeyrissjóðurinn ráð fyrir því að launagreiðendur geri upp áfallnar lífeyrisskuldbindingar í A-deild m.v. 31. maí 2017. Þá er gert ráð fyrir að launagreiðendur greiði Brú metnar framtíðarskuldbindingar í Lífeyrisaukasjóð vegna sjóðfélaga sem eiga réttindi í núverandi ávinnslukerfi 31. maí 2017 og sömuleiðis framlag í Varúðarsjóð með sama hætti og ríkissjóður vegna A-deildar LSR. Gangi þetta eftir verður ekki lengur þörf fyrir hækkun mótframlags eins og um var rætt í athugasemdum með ársreikningi 2015.

Ábendingar Fjármálaskrifstofu:

- Veltufé frá rekstri í hlutfalli af tekjum var 10,9%. Mikilvægt er að veltufé frá rekstri verði áfram sterkt við ríkjandi efnahagsaðstæður og að það styrkist enn frekar ef spennan á vinnu- og fasteignamarkaði heldur áfram að aukast til að stuðla að stöðugleika í rekstri borgarinnar yfir hagsveifluna og skapa svigrúm til að mæta áhrifum niðursveiflu síðar meir. Eins er mikilvægt að riflegur afgangur verði af rekstri A-hluta.
- Samkvæmt bráðabirgðamati Sambands íslenskra sveitarfélaga námu tapaðar brúttó útsvarstekjur A-hluta vegna ráðstöfunar iðgjalds séreignarsparnaðar til lækkunar húsnæðislána u.þ.b. 638 mkr vegna tekjuársins 2015. Ef tekið er mið af því má ætla að útsvarstekjutap borgarinnar vegna skattfrjálsrar greiðslu séreignarsparnaðar inn á fasteignalán nemi þannig alls u.þ.b. 3,1 mkr vegna tímabilsins 1. júlí 2014 til 30. júní 2019. Þá er áætlað að borgarsjóður verði af 250-300

⁷ Sjá lýsingar á kennitölum í viðauka 1. Fjárhæðir fyrri ára í kennitölum og myndum taka mið af útgefnum árshlutareikningum fyrri ára. Þeim er því ekki breytt þó fjárhæðum samanburðarárs í árshlutareikningi sé breytt.

mkr á ári vegna stuðnings við kaup á fyrstu íbúð. Mikilvægt er að tryggja að Reykjavíkurborg og öðrum sveitarfélögum verði bætt það útsvarstekjutap sem hlýst af aðgerðum ríkisins í húsnæðismálum.

- Halli á rekstri málaflokks vegna fatlaðs fólks nam 1.364 mkr eða 20,5% af tekjum vegna málaflokksins. Er þá samantekin þjónusta Velferðarsviðs við fatlaða á grundvelli yfirfærslunnar, þjónusta Velferðarsviðs vegna notendastýrðar persónulegrar aðstoðar, þjónusta Skóla- og frístundasviðs vegna lengdrar viðveru fatlaðra barna og þjónusta Íþrótt- og tómstundasviðs við fötluð ungmenni á vegum Hins hússins.
- Rekstrarniðurstaða Velferðarsviðs án bundinna liða var 325 mkr yfir fjárheimildum eða 1,9%. Frávik í rekstri Velferðarsviðs sem að mestu má rekja til vistunarþjónustu barna með alvarlegar þroska- og geðraskanir 252 mkr yfir fjárheimildum og til ferðaþjónustu fatlaðra sem var 99 mkr yfir fjárheimildum. Mikilvægt er að klára samninga við ríkið um þau atriði sem tengdust málefnum fatlaðs fólks en voru skilin eftir við endurskoðun á fjármögnun málaflokksins á síðasta ári, það er NPA, lengd viðvera og þjónusta við börn með alvarlegar þroska og geðraskanir.
- Hallarekstur hjúkrunarheimila nam 256 mkr á árinu 2016. Mikilvægt er að tryggja fulla fjármögnun á rekstrinum.
- Í janúar 2017 var greidd eingreiðsla vegna kjarasamninga við grunnskólakennara sem miðaðist við starfshlutfall og starfstíma í desember 2016. Kostnaður vegna þessa 306 mkr var gjaldfærður í janúar 2017 en áætlað hafði verið fyrir greiðslunum á árinu 2016.

3.1 Fjármagnsliður A-hluta

Fjármagnsliður A-hluta 2016 (í mkr)	Raun	Áætlun	Frávik
Ávöxtun verðbréfa og handbærs fjár	473	136	337
Vaxtatekjur afskatttekjum	55	0	55
Aðrar vaxtatekjur	46	0	46
Vaxta- og verðb. tekjur frá B-hluta	753	908	-155
Dráttarvaxtatekjur	95	121	-26
Tekjur af ábyrgðargjaldi	924	658	265
Arður	345	195	150
Fjármunatekjur samtals	2.691	2.018	673
Vaxta og verðbóttagjöld	-2.525	-3.046	522
Dráttarvaxtagjöld	-85	0	-85
Fjármagnstekjuskattur	-258	-286	28
Lántökukostnaður	-47	-42	-5
Fjármagnsgjöld samtals	-2.914	-3.374	459
Samtals	-224	-1.356	1.132

árslok.

Skuldabréfasafn Reykjavíkurborgar er í umsjón Íslenskra verðbréfa hf.

Heildarfjármunir í skuldabréfasafni borgarinnar hjá Íslenskum verðbréfum í árslok námu 3.674 mkr og nam ávöxtun frá áramótum 200 mkr eða 6,91%.

Við gerð fjárhagsáætlunar Reykjavíkurborgar fyrir árið 2016 var sett fram markmið um að ávöxtun á handbæru fé skyldi vera 135 mkr á árinu 2016. Myndin hér til hliðar sýnir ávöxtun á handbæru fé (að frádregnum kostnaði) í samanburði við markmið ársins. Markmiði um ávöxtun er skipt jafnt niður á hvern mánuð ársins. Ávöxtun skuldabréfasafns borgarinnar var yfir áætlun ársins ásamt annarri ávöxtun. Ávöxtun handbærs fjár á árinu var því rúmum 282 mkr yfir markmiði ársins. Í ágúst var mjög góð ávöxtun verðbréfasafns sem hélt áfram út árið ásamt betri ávöxtun á lausu fé.

Lán til B-hluta fyrirtækja eru sýnd í meðfylgjandi töflu. Afborgun af eigendaláni til OR frá árinu 2011 hófst á árinu.

Reykjavíkurborg getur gefið út skuldabréf í verðtryggðum skuldabréfaflokki RVK 53 1 og í óverðtryggðum skuldabréfaflokki RVKN 35 1 sem eru báðir skráðir í kauphöll. Viðskiptavakt á eftirmarkaði er á RVK 53 1 og RVKN 35 1 auk skuldabréfaflokksins RVK 19 1 (sem er lokaður flokkur) og annast fjórar fjármálastofnanir þá vakt. Verðtryggðir vextir safnsins voru 3,83% að meðaltali árið 2016 og óverðtryggðir voru 6,68%.

Erlend lántaka borgarsjóðs Erlend lán A-hluta hafa verið greidd upp.

3.1.1 Skulda- og áhættustýring

Stærsta áhætta sem snýr að fjármagnsliði A-hluta er **verðbólguáhætta**. Skuldir borgarinnar eru að mestu leyti verðtryggðar og hækka

samhliða aukinni verðbólgu. Reykjavíkurborg á einnig verðtryggðar eignir, stærst er eigendalán til Orkuveitunnar frá árunum 2011 og 2013. Verðtryggðar skuldir eru hærri en verðtryggðar eignir og því ber Reykjavíkurborg kostnað vegna aukinnar


Fjármagnsliður A-hluta samanstendur af fjármagnsliði Aðalsjóðs, Eignasjóðs og Bílastæðasjóðs.

Fjármagnsliður A-hluta var á árinu 2016 neikvæður um 224 mkr en áætlun gerði ráð fyrir að hann yrði neikvæður um 1.356 mkr. Fjármagnsliður A-hluta var því 1.132 mkr betri en áætlanir gerðu ráð fyrir.

Markaðsaðstæður voru betri en áætlun gerði ráð fyrir bæði vegna lægri verðbólgu og betri ávöxtunar á skuldabréfamarkaði. Arðgreiðsla frá Faxaflóahöfnum var hærri en áætlun gerði ráð fyrir ásamt ábyrgðargjaldi frá Orkuveitu Reykjavíkur.

Lausafjárstýring Handbært fé A-hluta í árslok var 8.678 mkr. Gert var ráð fyrir hækkun á handbæru fé á árinu 2016 skv. fjárhagsáætlun og það yrði 8.598 mkr í

Lausafjárstaða (mkr)	31.12.2016	Meðaláv. á ársgrv.
Innlán í bönkum	4.773	4,45%
Skuldabréfasafn	3.674	6,91%
Samtals	8.447	



Staða á kröfum gagnvart B-hluta (mkr)	31.12.2016	Vextir	Lokagjalddagi
Eigendalán til OR 2011	8.367	4,25%	2026
Eigendalán til OR 2013	4.067	3,05%	2028
Samtals	12.434		


Staða innlendra lána (mkr)	Nafnvextir	Virkir vextir	31.12.2016	31.12.2015	Lokagjalddagi	Ný lán	Áætlun
Skuldabréf útgefin 1996 - RVK 96	5%	5%	1.275	1.499	2021		
Skuldabréf útgefin 2009 - RVK 53 1	4,40%	3,86%	24.262	23.250	2053	797	
Skuldabréf útgefin 2012 - RVK 19 1	1,95%	2,12%	1.158	1.573	2019		
Skuldabréf útgefin 2015 - RVKN 35 1	6,72%*	6,68%	2.923	1.658	2035	1.424	
Lán frá Lánasjóði sveitarfélaga	3,30%	3,30%	393	513	2019		
Annað			447	511			
Samtals			30.458	29.002		2.221	2.246

*óverðtryggðir vextir

verðbólgu. Kostnaðurinn hefur verið metinn á um 295 mkr fyrir hvert prósentustig sem verðbólga fer umfram áætlaða verðbólgu í fjárhagsáætlun.

4. Skattspor A-hluta

Skattsporið samanstendur af sköttum til ríkisins sem voru gjaldfærðir í rekstri A-hlutans og þeim sköttum og gjöldum sem innheimtir voru og staðin voru skil á vegna starfseminnar. Samtals námu skattar til ríkisins umfram endurgreiðslur 5.622 mkr.



Stærsti liðurinn var tryggingagjald af launum 3.356 mkr en þar á eftir var innskattur sem ekki fæst endurgreiddur 2.756 mkr en hann var tilkominn vegna kaupa á vörum og þjónustu sem nýttir voru í óskattskyldum rekstri borgarinnar. Endurgreiddur virðisaukaskattur til opinberra aðila nam 929 mkr. Þar var um að ræða endurgreiddan virðisaukaskatt sem sveitarfélög ofl. opinberir aðilar fá vegna kaupa af tilteknum aðföngum s.s. af sorphreinsun, ræstingu, sjómokstri, sérfræðiþjónustu og fleiri liðum í samræmi við reglugerð nr. 248/1990.

Viðauki 1: Kennitölur

Ársreikningi er ætlað að veita upplýsingar um afkomu stofnana og fyrirtækja Reykjavíkurborgar og um fjárhagslega stöðu þeirra.

Með framsetningu á kennitölum má á samþjöppaðan og einfaldan hátt veita upplýsingar úr ársreikningi um arðsemi og fjárhagsstöðu. Kennitölur byggja á þeim reikningsskilaaðferðum sem notaðar eru af viðkomandi aðila. Þetta býður upp á marga túlkunarmöguleika. Varhugavert er að draga of miklar ályktanir af einni kennitölu fyrir eitt tiltekið ár. Þær verður yfirleitt að skoða í samhengi við aðrar mikilvægar kennitölur og þróun þeirra yfir tímabil, a.m.k. þrjú ár. Kennitölur ætti líka að bera saman við kennitölur annarra aðila í skyldri starfsemi til að sjá þær í eðlilegu samhengi. Þá er ástæða til að vara við því að sumar kennitölur geta verið viðkvæmar fyrir breytingum á lágum fjárhæðum.

Í þessar skýrslu Fjármálaskrifstofu er stuðst við eftirfarandi kennitölur:

Eiginfjárlutfall (Equity ratio)

Mælt sem hlutfall eigans fjár á móti heildarfjármagni. Hlutfallið sýnir fjárhagslegan styrk eða tappól fyrirtækis. Það er ekki til faglega einhlítur mælikvarði á æskilegt eða nauðsynlegt eiginfjárlutfall, hvorki hjá sveitarfélögum eða fyrirtækjum. Almennt hefur 50% eiginfjárlutfall sveitarfélags talist ásættanlegt. Síðan má velta fyrir sér merkingu eiginfjárlutfalls hjá sveitarfélagi gagnvart lándrottnum þar sem sveitarfélag getur almennt ekki selt eignir eins og skóla til að standa skil á skuldum. Öðru máli gegnir um fyrirtæki, enda fjármagna þau gjarnan stóran hluta af varanlegum rekstrarfjármunum með lánsfé. Eiginfjárlutfall þeirra skiptir máli gagnvart lánveitendum en mikill munur er á hvað telst ásættanlegt í þeim efnum og fer það m.a. eftir atvinnugreinum og því hvort um fjármagnsfreka starfsemi er að ræða. Þannig geta fjármagnsfrek iðnfyrirtæki og fjármálastofnanir verið með eiginfjárlutfall undir 20%. Líta má á OR sem fjármagnsfrekt orkuframleiðslufyrirtæki á uppbyggingarskeiði með mikla lánsfjárbörf sem hefur áhrif á hvernig túlka ber eiginfjárlutfall samstæðunnar.

Arðsemi eigin fjár (Return on equity ratio)

Mælt sem hlutfall rekstrarniðurstöðu eftir fjármagnsliði á móti eigin fé í upphafi árs. Sýnir getu fyrirtækis til að ávaxta fjármuni sem eru bundnir í því. Það er spurning hvort þetta hlutfall er nothæft sem kennitala fyrir sveitarfélag. Það ber a.m.k. að túlka það varlega í því samhengi, sérstaklega vegna þess að eignir í A-hluta sveitarsjóðs eru metnar samkvæmt kostnaðarverðsreglu. Hér má hafa í huga að fjármagnsvextir á skuldabréfum í milliviðskiptum Aðalsjóðs og Eignasjóðs eru 4%. Arðsemiskrafa eigin fjár í einkageira er samsett úr áhættulausum vöxtum ásamt áhættuálagi markaðar. Arðsemi eiginfjár gefur vísbendingu um hvort jafnvægisregla skv. Sveitarstjórnarlögum sé uppfyllt.

Veltufjárlutfall (Current ratio)

Mælt sem hlutfall veltufjármuna á móti skammtímaskuldum. Sýnir hæfi fyrirtækis til að inna af hendi nauðsynlegar greiðslur á næstu tólf mánuðum. Hlutfall innan við einn gefur vísbendingu um að rekstrareiningin hafi ekki getu til að standa við skammtímaskuldbindingar sínar á næstu mánuðum. Þegar horft er til A-hluta sveitarsjóðs sem er að stórum hluta fjármagnaður með lögbundnum skatttekjum, ætti að gera kröfu um hærra hlutfall en hjá fyrirtækjum, þ.e. að minnsta kosti 1,20 en sömu kröfu þarf ekki að gera til samstæðunnar.

Skuldsetningarhlutfall (Gearing ratio)

Mælt sem hlutfall langtímaskulda á móti eigin fé. Sýnir fjárhagslega áhættu skuldsettra fyrirtækja. A-hluti sveitarsjóðs tekur ekki lán til að fjármagna rekstur eða áhættufjárfestingar heldur til að fjármagna nauðsynlega uppbyggingu í varanlegum rekstrarfjármunum, s.s. skólum. Sú fjárfesting er ekki gerð í hagnaðarskyni. Þess vegna er mikilvægt að A-hluti hafi gott greiðsluhæfi og sterka eiginfjárstöðu vegna langtímalána. Langtímalán eru lykilatriði fyrir uppbyggingu varanlegra rekstrarfjármuna í fyrirtækjum og markmiðið er að þau hámarki arðsemi eigin fjár. Á uppbyggingarskeiði varanlegra rekstrarfjármuna í fjármagnsfrekum rekstri getur þessi kennitala orðið mjög há. Fyrirtæki með hátt skuldsetningarhlutfall eru viðkvæm fyrir hagsveiflum enda þurfa þau að greiða af skuldum sínum þótt tekjur lækki eða vextir hækki. Lág hlutfall eigin fjár í fyrirtæki og hátt hlutfall lánsfjár sýnir alltaf ákveðinn fjárhagslegan veikleika.

Skuldaviðmið samkvæmt reglugerð um fjárhagsleg viðmið og eftirlit með fjármálum sveitarfélaga (nr. 502/2012)

Skuldaviðmið er mælt sem hlutfall heildarskulda og skuldbindinga af reglulegum tekjum að teknu tilliti til ákveðinna frádráttarliða sbr. 14. gr. reglugerðar nr. 502/2012. Í tilviki Reykjavíkurborgar er dregið frá núvirði líffeyriskuldbindinga sem áætlað er að komi til greiðslu eftir 15 ár og síðar (sbr. skýringu 44 í ársreikningi) og einnig er hreint veltufé dregið frá ef það er jákvætt (veltufjármunir að frádregnum skammtímaskuldum).

Með ákvæði 64. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 er sveitarfélögum almennt skylt að takmarka skuldir og skuldbindingar samstæðu A- og B-hluta við 150% af reglulegum tekjum skv. nánari skilgreiningu í reglugerð (nr. 502/2012). Samkvæmt bráðabirgðaákvæði III í lögnum getur sveitarstjórn ákveðið hvort hún nýtir sér heimild að undanskilja veitu- og orkufyrirtæki þegar kemur til mats á fjárhagsstöðu sveitarfélagsins skv. 64. gr. á aðlögunartíma sem er 10 ár frá gildistöku laganna.

Borgarráð hefur samþykkt að nýta sér þessa heimild. Við útreikning á skuldaviðmiði í greinargerðinni er því ekki gert ráð fyrir tekjum, skuldum eða skuldbindingum vegna Orkuveitu Reykjavíkur.

Framlegð (EBITDA) og veltufjárlutföll

Eftirlitsnefnd sveitarfélaga leggur einnig áherslu á kennitölurnar framlegð og veltufé frá rekstri í hlutfalli af rekstrartekjum í samhengi við skuldareglu sveitarstjórnarlaga. Ef miðað er við 150% skuldir og skuldbindingar í hlutfalli af tekjum þá þarf veltufé frá rekstri að vera a.m.k. 7,5% af heildartekjum til að standa undir samningsbundnum afborgunum langtímalána með 20 ára greiðslutíma. Þá er í viðmiðum Eftirlitsnefndarinnar gert ráð fyrir að fjárfestingar nemi 5% af heildarskuldum og þær séu fjármagnaðar með lántöku, þannig að skuldir og skuldbindingar verði áfram 150% af tekjum.

Vaxtaþekja (Interest expense coverage ratio)

Vaxtaþekja mæld sem hlutfall rekstrarhagnaðar (EBIT) – m.ö.o. rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði á móti nettó vaxtagreiðslum er oft notuð til að mæla hæfi fyrirtækis til greiðslu vaxta. Ef hlutfallið er innan við 1 dugir rekstrarniðurstaðan ekki fyrir vaxtagreiðslum. Almennt er litið svo á að þetta hlutfall þurfi að vera vel yfir 1 til að mæta ekki aðeins vaxtagreiðslum heldur einnig fjárfestingarþörf sem afskriftum er ætlað að gefa vísbendingu um. Í fjármagnsfrekum greinum er jafnvel talið að hlutfallið þurfi að vera um 2. Taka ber fram að hjá B-hluta fyrirtækjum að OR undanskildu er ekki hægt að aðgreina vaxtagreiðslur frá gengis- og verðbótaliðum en það getur takmarkað skýringargetu kennitölunnar.

Vaxtaþekja mæld sem hlutfall rekstrarniðurstöðu fyrir fjármagnsliði, skatta, afborganir og afskriftir (EBITDA) á móti nettó vaxtagreiðslum er einnig oft notuð til að mæla hæfi fyrirtækis til greiðslu vaxta. Ef hlutfallið er innan við 1 dugir rekstrarniðurstaðan ekki fyrir vaxtagreiðslum. Almennt er litið svo á að þetta hlutfall þurfi að talsvert hærra en fyrrnefnd vaxtaþekja enda ekki tekið tillit til fjárfestingarþarfar. Varasamt er að nota þennan mælikvarða nema til skoðunar á skammtíma samhengi. Taka ber fram að hjá B-hluta fyrirtækjum að OR undanskildu er ekki hægt að aðgreina vaxtagreiðslur frá gengis- og verðbótaliðum en það getur takmarkað skýringargetu kennitölunnar.

Skuldaþekja (Debt service coverage ratio)

Skuldaþekja mæld sem hlutfall rekstrarhagnaðar (EBIT) – m.ö.o. rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði á móti afborgunum og nettó vaxtagreiðslum er oft notuð til að mæla greiðsluhæfi fyrirtækis. Ef hlutfallið er innan við 1 dugir rekstrarniðurstaðan ekki fyrir afborgunum og vaxtagreiðslum. Almennt er litið svo á að þetta hlutfall þurfi að vera vel yfir 1 til að mæta ekki aðeins afborgunum og vaxtagreiðslum heldur einnig fjárfestingarþörf sem afskriftum er ætlað að gefa vísbendingu um. Í fjármagnsfrekum greinum þarf hærra hlutfall en ella. Taka ber fram að hjá B-hluta fyrirtækjum að OR og Félagsbústöðum undanskildum er ekki hægt að aðgreina vaxtagreiðslur frá gengis- og verðbótaliðum en það getur takmarkað skýringargetu kennitölunnar.

Skuldaþekja mæld sem hlutfall rekstrarniðurstöðu fyrir fjármagnsliði, skatta, afborganir og afskriftir (EBITDA) á móti afborgunum og nettó vaxtagreiðslum er einnig oft notuð til að mæla greiðsluhæfi fyrirtækis. Ef hlutfallið er innan við 1 dugir rekstrarniðurstaðan ekki fyrir afborgunum og vaxtagreiðslum. Almennt er litið svo á að þetta hlutfall þurfi að talsvert hærra en fyrrnefnd skuldaþekja enda ekki tekið tillit til fjárfestingarþarfar. Varasamt er að nota þennan mælikvarða nema til skoðunar á skammtíma samhengi. Taka ber fram að hjá B-hluta fyrirtækjum að OR undanskildu er ekki hægt að aðgreina vaxtagreiðslur frá gengis- og verðbótaliðum en það getur takmarkað skýringargetu kennitölunnar.

FFO mælikvarðinn (Funds from operation)

FFO er mælikvarði á veltufé frá rekstri sem skilgreindur hefur verið af Moody's og notaður er við mat á fjárhagsstöðu Orkuveitu Reykjavíkur. Hann er reiknaður sem veltufé frá rekstri án vaxta og skatta, að viðbættum vaxtatekjum og tekjum af arðgreiðslum, en að frádrögnum gjaldfærðum vöxtum, eignfærðum vöxtum, greiðslum vegna annarra fjármagnsliða og tekjuskatti.

Veltufé frá rekstri í hlutfalli af rekstrartekjum (Working capital provided by operating activities/Total revenue)

Mælt sem hlutfall veltufjár frá rekstri af rekstrartekjum. Kennitalan gefur vísbendingu um hversu hátt hlutfall af rekstrartekjum er til ráðstöfunar fyrir afborganir skulda og skuldbindinga og til fjárfestinga. Því hærra sem þetta hlutfall er því meiri er geta fyrirtækis til að vaxtar og viðhalds eigna.

Uppgreiðslutími langtímaskulda (Downpayment of debt)

Uppgreiðslutími langtímaskulda er reiknaður sem hlutfall af langtímaskuldum og næsta árs afborgun langtímaskulda á móti veltufé frá rekstri. Kennitalan sýnir hvað fyrirtækið er lengi að greiða upp skuldir sínar m.v. að öllum fjárfestingum væri hætt og rekstur væri óbreyttur og ætti að standa undir skuldaskilum.

	A-hluti	Afhvaki	Faxaðlaðafnir	Félagsbústaðir	Malbikunar- staðin Höfði	Íþróta- og sýningahöllin	Jörundur ehf	Orkuvæta Reykjavíkur	Slökkvilið höfuðbssv.	Sopa	Stræto	Samstaða A- og B- hluti
<i>Eignarhlutur Rvk</i>	-	95,70%	75,55%	100,00%	100,00%	50,00%	100%	93,539%	60,82%	66,70%	60,30%	-
Rekstrartekjur	100.567	0	3.410	3.303			0	41.423	2.536	3.326	7.477	155.556
Rekstrargjöld	97.706	0	2.705	1.785			8	26.455	2.450	2.924	7.310	134.733
Afskriftir	4.494	0	764	5			0	10.392	83	148	193	16.257
Fjármagnslíðir	-224	0	38	-1.682			0	3.089	5	17	12	890
EBIT	2.860	0	704	1.518			-8	14.968	85	401	167	20.823
EBITDA	7.354	0	1.469	1.523			-8	25.361	168	550	361	37.080
Hagnaður (- tap)	2.637	0	743	10.777			-8	13.352	50	419	182	26.372
Fastafjármunir	137.581	2	12.391	65.756	629	2.509	0	277.843	1.969	1.694	1.521	484.145
Veltufjármunir	22.600	9	1.990	1.999	624	316	0	22.607	493	1.538	1.341	51.333
Heildareignir	160.181	11	14.381	67.754	1.253	2.825	0	300.450	2.462	3.233	2.862	535.478
Skammtímaskuldur	14.373	0	558	1.161	156	72	48	29.094	543	504	954	45.276
Langtímaskuldur	40.630	0	795	33.881	0	2.025	0	140.943	227	262	22	207.058
Skuldbindingar	28.762	0	0	0	31	128	0	8.937	0	273	0	38.131
Heildarskuldur	83.766	0	1.353	35.043	187	2.224	48	178.974	770	1.039	976	290.465
Eigið fé 1/1	73.778	11	12.595	21.678	1.034	585	-40	114.771	1.642	1.775	1.706	224.007
Eigið fé 31/12	76.415	11	13.028	32.712	1.066	601	-48	121.476	1.692	2.193	1.886	245.013
Skuldir og eigið fé	160.181	11	14.381	67.754	1.253	2.825	0	300.450	2.462	3.233	2.862	535.478
Handbætt fé frá rekstri	6.507	0	1.526	500	114	25	1	21.324	-3	398	611	30.650
Fjárfestingahreyfingar	-3.490	0	-1.416	-1.225	-111	-7	0	-10.450	-55	-335	-116	-17.728
Ný langtímalán	2.201	0	0	4.939	0	0	0	8.162	0	0	0	15.248
Greiddar afborganir	-2.062	0	-107	-565	0	-33	0	-15.631	-10	-80	-102	-17.849
Framlag v. lífeyrisskuldbindinar	-2.058	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	-2.086
Nýtt framlag eigenda	0	0	0	160	0	0	0	0	0	0	0	0
Greiddur arður	0	0	-310	0	-19	0	0	0	0	0	0	-76
Staða á handbæru fé 31/12	8.678	0	1.428	1.599	44	301	0	12.357	365	909	907	26.588
Veltufé frá rekstri	10.933	0	1.510	501	117	93	-8	20.240	178	567	375	34.252

Eignarfjárlutfall	47,7%		90,6%	48,3%	85,1%	21,3%		40,4%	68,7%	67,8%	65,9%	45,8%
Arðsemi eigin fjár	3,6%		5,9%	49,7%	5,0%	-7,2%		12,0%	3,0%	23,6%	10,7%	11,8%
Veltufjárlutfall	1,57		3,57	1,72	4,00	4,41		0,78	0,91	3,05	1,41	1,13
Skuldsetningarhlutfall	53,2%		6,1%	103,6%	0,0%	337,1%		123,0%	13,4%	12,0%	1,2%	84,5%
Vaxtabela, EBIT/netto vextir								4,06				
Vaxtabela, EBITDA/netto vextir								6,88				
Skuldabela, EBIT/(gr. afb.+netto vextir)								0,77				
Skuldabela, EBITDA/(gr. afb.+netto vextir)								1,31				
Uppgreiðslutími	3,91		0,59	68,78		22,24		8,80	1,33	0,59	0,34	6,53
Veltufé frá rekstri/rekstrartekjum	11%		44%	15%	8%	23%		49%	7%	17%	5%	22%
Framlegð/rekstrartekjur	7%		43%	46%	10%	38%		61%	7%	17%	5%	24%

SKÝRINGAR

Eignarfjárlutfall Eigið fé á móti heildarfjármagni. Sýnir fjárhagslegan styrk fyrirtækis (tapból).

Arðsemi eigin fjár Hagnaður á móti eigið fé. Segir til um ávöxtun eigin fjár í fyrirtæki

Veltufjárlutfall Veltufjármunir á móti skammtímaskuldum. Sýnir hæfi fyrirtækis að inni af hendi skuldagreiðslur á næstu mánuðum.

Skuldsetningarhlutfall Langtímaskuldur á móti eigin fé. Sýnir fjárhagslega áhættu af skuldsetningu fyrirtækis.

Vaxtabela, EBIT/netto fjárm. Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnslíði á móti vaxtagreiðslum

Vaxtabela, EBITDA/netto fjárm. Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnslíði, skatta, afborganir og afskriftir (EBITDA) á móti vaxtagreiðslum

Skuldabela, EBIT/(gr. afb.+netto fjárm.) Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnslíði á móti afborgunum og vaxtagreiðslum


Skuldabela, EBITDA/(gr. afb.+netto fjárm.) Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnslíði, skatta, afborganir og afskriftir (EBITDA) á móti afborgunum og vaxtagreiðslum

Uppgreiðslutími skulda (ár) Langtímaskuldur á móti veltufé frá rekstri.


Viðauki 2: Þróun hreinna skulda A-hluta og samstæðu

Hreinar skuldir samanstanda af langtíma- og leiguskuldum að frádregnum peningalegum eignum þ.e. langtímakröfum, verðbréfum, bundnum bankainnstæðum og handbæru fé.

Hreinar skuldir A-hluta 2008-2016



Hreinar skuldir samstæðu 2008-2016



Viðauki 3: Lánveitendur A-hluta og samstæðu

Lánveitendur	(í mkr)	A-hluti	Samstæðan
Akranesbær - víkjandi lán			735
Arion banki			78
Borgarbyggð - víkjandi lán			124
CEB			15.197
Depfa ACS Bank			14.659
Dexia			11.963
EIB			32.910
EURO HYPO			3.494
Faxaflóahafnir			0
Fjárfestasjóðurinn ÍSH			2.058
Glitnir Hitav.Rang.			348
Hafnarfjarðarbær			1.958
Handhafabréf STY			46
Íbúðalánasjóður			27.228
ISB			3.116
Íslandsbanki			2.446
Íþróttabandalag Reykjavíkur (v. skautasvells)	37		37
Jöfnunarsjóður Sveitarfélaga	165		1.035
Kaupþing Hitav.Rang.			127
Landsbankinn			18.822
Lánasjóður sveitafélaga	393		1.845
Lífeyrissjóður starfsmanna sveitafélaga			9.259
Lykill kaupleigusamningur			98
NIB			11.450
OR090524 (skuldabréfaútgáfa OR)			1.040
OR090546 (skuldabréfaútgáfa OR)			5.488
OR011222 (skuldabréfaútgáfa OR)			500
Skuldabréfaútgáfa Félagsbústaða			531
Skuldabréfaútgáfa RVK 19 1	1.158		1.158
Skuldabréfaútgáfa RVK 53 01	24.262		24.262
Skuldabréfaútgáfa RVK 96 1	1.275		1.275
Skuldabréfaútgáfa RVKN 35 1	2.923		2.923
Svensk Export Kredit			2.482
Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda	12		12
VR lífeyrisskuld			879
Lántaka samstæðu:	30.225		199.582
Leiguskuldir	12.339		12.339
Lántaka og leiguskuldir samstæðu	42.564		211.921

Viðauki 4: Fjármálastjórn 2016

Hér að neðan er listi í tímaröð yfir mikilvægar fjárhagsákvæðanir borgarráðs og borgarstjórnar á árinu 2016

1. Tillaga að endurskoðun viðauka 2 við reglur um fjárstýringu samþykkt í borgarráði 21.1.2016.
2. Tillaga um samþykkt á samkomulagi við Vogabyggð ehf, Hömlur ehf og Gámakó ehf um skipulag, uppbyggingu og þróun á lóðum fyrirtækjanna á svæði 2 í Vogabyggð í borgarráði 28.1.2016
3. Tillaga að viðauka við fjárhagsáætlun 2016 vegna hagræðingaraðgerða 2016 samþykkt í borgarstjórn 2.2.2016
4. Tillaga að viðauka við fjárhagsáætlun 2016 vegna kjarasamninga Eflingar, Starfsmannafélags Rvk, Samiðnar/Rafiðn, Verkstjórásambands, Leikskólakennara og stjórnenda í leikskólum samþykkt í borgarstjórn 2.2.2016
5. Tillaga um 240 mkr lántöku borgarsjóðs í skuldabréfaútboði RVKN 53 1 samþykkt í borgarráði 11.2.2016
6. Tillaga að breytingu á samþykkt nr. 725/2007 um gatnagerðargjald varðandi heimild til að lána gatnagerðargjöld samþykkt í borgarstjórn 16.2.2016
7. Tillaga um lágmarksverð á byggingarrétti í Úlfarsárdal og Reynisvatnsáasi samþykkt í borgarstjórn 16.2.2016
8. Tillaga um breytingu á greiðslukjörum lögaðila við kaup á byggingarrétti á lóðum fyrir íbúðarhús samþykkt í borgarstjórn 16.2.2016
9. Tillaga um breytingu á greiðsluskilmálum við sölu atvinnulóða samþykkt í borgarstjórn 16.2.2016
10. Tillaga að viðauka við fjárhagsáætlun 2016 vegna kjarasamninga við Skólastjóraráðgjafi Íslands, BHM félög, Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga, Sjúkrliðafélag Íslands og vegna kjaranefndar og borgarfulltrúa samþykkt í borgarstjórn 1.3.2016
11. Tillaga um 290 mkr lántöku borgarsjóðs í skuldabréfaútboði RVKN 53 1 samþykkt í borgarráði 10.3.2016
12. Tillaga um viðauka við fjárhagsáætlun 2016 vegna aukaframlags til tónlistarskóla samþykkt í borgarstjórn 15.3.2016
13. Tillaga að viðauka við fjárhagsáætlun 2016 vegna kjarasamninga tækni-, verk- og tölvunarfræðinga samþykkt í borgarstjórn 15.3.2016
14. Tillaga um veðheimild Félagsbústaða í útsvarstekjum borgarsjóðs vegna lántöku hjá Lánasjóði sveitarfélaga samþykkt í borgarstjórn 15.3.2016
15. Tillaga um endurgreiðsluhlutfall launagreiðenda hjá LsRb samþykkt í borgarráði 18.3.2016
16. Tillaga um samkomulag, milli Reykjavíkurborgar annars vegar og Háskóla Íslands og Vísindagarða Háskóla Íslands hins vegar, um úthlutun lóða á háskólasvæðinu undir stúdentaíbúðir. Samkomulagið tekur jafnframt til lóðar Reykjavíkurborgar að Eggertsgötu 35 og ráðstöfun hennar í framtíðinni samþykkt í borgarráði 18.3.2016
17. Tillaga um endurskoðun á fjárfestingaráætlun vegna Varmahlíðar 1 samþykkt í borgarstjórn 5.4.2016
18. Tillaga um ábyrgðargjald OR 2016 samþykkt í borgarráði 7.4.2016
19. Tillaga um viðauka við fjárhagsáætlun 2016 vegna kjarasamnings FÍH, leikskólakennara vegna einkarek. leikskóla og kjaranefndar samþykkt í borgarstjórn 19.4.2016
20. Tillaga að viðauka við fjárhagsáætlun 2016 vegna kjaraákvæðana, starfsmats, Vinnuskóla, tilfærslu verkefna ofl. samþykkt í borgarstjórn 3.5.2016
21. Tillaga um að samþykkja 1.200 mkr tilboð á kröfunni 6,42 í skuldabréfaflokk RVKN 35 1 samþykkt í borgarráði 28.4.2016
22. Tillaga um gjaldskrá og endurskoðun reglna um bílastæði samþykkt í borgarstjórn 3.5.2016
23. Ársreikningur Reykjavíkurborgar 2015 samþykktur í borgarstjórn 3.5.2016
24. Tillaga um reglur um innritanir nemenda samþykktar í borgarstjórn 17.5.2016
25. Tillaga að viðauka við fjárhagsáætlun 2016 vegna aukaframlags til Sinfóníuhljómsveitar Íslands samþykkt í borgarstjórn 17.5.2016
26. Tillaga að rammaúthlutun 2017 vegna fjárhagsáætlunar 2017 samþykkt í borgarráði 26.5.2016
27. Tillaga um aðalmiðlarasamningar í tengslum við skuldabréfaútgáfu samþykkt í borgarráði 26.5.2016
28. Tillaga að endurskoðun styrkjareglna samþykkt í borgarráði 26.5.2016
29. Þriggja mánaða uppgjör A-hluta jan-mars 2016 staðfest í borgarráði 2.6.2016
30. Tillaga að reglum vegna úthlutunar fjármagns vegna stuðnings við börn á leikskólum samþykkt í borgarstjórn 7.6.2016
31. Tillaga að viðauka við fjárhagsáætlun 2016 vegna 5 ára barna í Landakostskóla samþykkt í borgarstjórn 7.6.2016
32. Tillaga að viðauka við fjárhagsáætlun 2016 vegna kjarasamninga þroskaþjálfara og hjúkrunarfræðinga samþykkt í borgarstjórn 7.6.2016

33. Tillaga um viðauka við fjárhagsáætlun 2016 vegna samnings við Leikfélag Reykjavíkur samþykkt í borgarstjórn 7.6.2016
34. Tillaga um 260 mkr lántöku borgarsjóðs í skuldabréfaútboði í skuldabréfaflokk RVKN 35 1 samþykkt í borgarráði 9.6.2016
35. Tillaga um viðauka við fjárhagsáætlun 2016 vegna fjárhagsstöðu tónlistarskólanna samþykkt í borgarráði f.h. borgarstjórnar 9.6.2016
36. Tillaga að endurskoðunum viðauka 2 við reglur um fjárstýringu samþykkt í borgarráði 9.6.2016
37. Tillaga um viðauka við fjárhagsáætlun 2016 um aukaframlag til tónlistarskóla vegna veikinda starfsmanna samþykkt í borgarráði f.h. borgarstjórnar 16.6.2016
38. Tillaga um stækkun skuldabréfaflokks vegna viðskiptavaka samþykkt í borgarráði f.h. borgarstjórnar 16.6.2016
39. Tillaga að viðauka um breytingar á fjárfestingaráætlun eignasjóðs (tilfærslur) samþykkt í borgarráði f.h. borgarstjórnar 16.6.2016
40. Tillaga að viðauka við fjárhagsáætlun 2016 vegna landakaupa í Skerjafirði samþykkt í borgarstjórn 21.6.2016
41. Tillaga um viðauka vegna hækkunar rekstrarkostnaðar þjónustumiðstöðvar Laugardals/Háaleitis) samþykkt í borgarráði f.h. borgarstjórnar 23.6.2016.
42. Tillaga um viðauka við fjárhagsáætlun 2016 um aukaframlag til tónlistarskóla vegna veikinda starfsmanna samþykkt í borgarráði f.h. borgarstjórnar 30.6.2016
43. Tillaga um viðauka við fjárhagsáætlun 2016 um aukaframlag vegna húsnæðiskostnaðar til Leikskólans Ós samþykkt í borgarráði f.h. borgarstjórnar 7.7.2016
44. Tillaga um viðauka við fjárhagsáætlun 2016 um aukaframlag vegna aukningar á vinnumiðaðri stoðþjónustu fyrir fatlað fólk samþykkt í borgarráði f.h. borgarstjórnar 21.7.2016
45. Tillaga að viðauka við fjárhagsáætlun 2016 vegna endurskoðunar fjárfestingaráætlunar samþykkt í borgarráði 18.8.2016
46. Lagt fram sex mánaða uppgjör A-hluta og samstæðu jan – júní 2016 og staðfest af borgarráði 25.8.2016
47. Tillaga um að fara í útboð á fjármálþjónustu vegna fruminnheimtu til næstu fimm ára frá 1. janúar 2017 til 31. desember 2021 samþykkt í borgarráði 25.8.2016
48. Tillaga að viðauka við fjárhagsáætlun 2016 a) vegna kjarabreytinga borgarfulltrúa og nefnda og kjarnanefndarhóps, b) vegna kostnaðaráhrifa kjarasamninga á þriðja aðila vegna beingreiðslusamninga á velferðarsviði, c) vegna samnings við ÁS styrktarfélag, d) vegna framlaga JS til tónlistarskóla sept-des 2016, og e) vegna hugbúnaðar fyrir stjórnendaupplýsingar samþykkt í borgarstjórn 6.9.2016
49. Tillaga um heimild til útboðs á fruminnheimtu borgarsjóðs samþykkt í borgarráði 8.9.2016
50. Tillaga um viðbótarfjárveitingu vegna færanlegrar kennslustofu fyrir starfsemi frístundaheimilisins Sólbúa við Breiðagerðisskóla. Borgarráð 15.9.2016.
51. Tillaga að reglum Reykjavíkurborgar um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti starfsmanna með fjármálagerninga samþykkt í borgarráði 15.9.2016
52. Tillaga að aðgerðaáætlun í skólamálum samþykkt í borgarráði 15.9.2016
53. Tillaga að viðauka við fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar 2016 vegna breytinga á útsvarstekjum og aðgerða í skólamálum samþykkt í borgarstjórn 20.9.2016
54. Tillaga um hækkun á fæðisgjaldi í grunnskólum og leikskólum um 100 kr. á dag samþykkt í borgarstjórn 20.9.2016
55. Tillaga að reglum um stofnframlög vegna uppbyggingar félagslegra leiguíbúða í Reykjavík samþykkt í borgarráði 29.9.2016
56. Tillaga um heimild til fjármálastjóra að semja við innheimtuaðila um lúkningu á innheimtu krafna sem eru útgefnar á árinu 2016 og fyrr samþykkt í borgarráði 6.10.2016
57. Tillaga um samning um byggingu og rekstur hjúkrunarheimilis í Reykjavík samþykkt í borgarráði 13.10.2016
58. Tillaga að viðauka við fjárhagsáætlun 2016 vegna viðbótarfjárveitinga til skóla- og frístundasviðs vegna aukins kostnaðar íþróttafélaga við frístundaakstur fyrir yngstu nemendur grunnskólanna og vegna flutnings á afgangi og halla ársins 2015, vegna endurskoðunar á hagræðingu skóla- og frístundasviðs og vegna afskrifta sviðsins samþykkt í borgarstjórn 18.10.2016
59. Tillaga um endurskoðun á ábyrgðargjaldi Orkuveitu Reykjavíkur samþykkt í borgarráði 27.10.2016
60. Tillaga um lántökur vegna framkvæmda á árinu 2017 samþykkt í borgarstjórn 1.11.2016
61. Tillaga um álagningarhlutfall útsvars tekjuárið 2017 samþykkt í borgarstjórn 1.11.2016
62. Tillaga um álagningarhlutfall fasteignaskatta og lóðarleigu 2017 samþykkt í borgarstjórn 1.11.2016.

63. Tillaga um gjalddagaskiptingu fasteignagjalda 2017 samþykkt í borgarstjórn 1.11.2016
64. R16100175 Tillaga um viðmiðunartekjur til lækkunar fasteignaskatts og fráveitugjalds elli- og örorkulífeyrisþega árið 2017 samþykkt í borgarstjórn 1.11.2016
65. Reglur um sérstakan húsnæðisstuðning samþykktar í borgarráði 10.11.2016
66. Tillaga um viðauka við fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar 2016 vegna stofnframlaga og kaupa á byggingarrétti við Hverfisgötu 41 samþykkt í borgarstjórn 15.11.2016
67. Tillögur um veitingu stofnframlaga samþykktar í borgarráði 24.11.2016
68. Fjárhagsáætlun 2017 samþykkt í borgarstjórn 6.12.2016
69. Fimm ára áætlun Reykjavíkurborgar 2017-2021 samþykkt í borgarstjórn 6.12.2016
70. Tillaga að endurskoðun leiguverðs hjá Félagsbústöðum samþykkt í borgarráði 15.12.2016
71. Tillaga að gjaldskrá Reykjavíkurborgar fyrir árið 2017, þ.m.t. gjaldskrár umhverfis- og skipulagssviðs sem þurfa sérstaka staðfestingu, gjaldskrá Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, gjaldskrá fyrir hundahald, gjaldskrá fyrir sorphirðu og gjaldskrá skipulagsfulltrúa og tillaga að gjaldskrá SHS samþykkt í borgarstjórn 6.12.2016
72. Tillaga um sölu eftirtalda eigna eignasjóðs til Félagsbústaða: Álfaland 6, Árland 9, Ásvallagata 14, Eikjuvogur 9, Holtavegur 27, Laugarásvegur 39, Miklabraut 18-20, Njálsgata 74, Seljahlíð og Snorrabraut 52 fyrir kr. 1.703.429.000 samþykkt í borgarstjórn 20.12.2016
73. Tillaga um að veita Félagsbústöðum ábyrgð vegna lántöku hjá Lánasjóði sveitarfélaga Borgarráð 27.10.2016 samþykkt í borgarstjórn 20.12.2016.
74. Tillaga um viðauka við fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar 2016 vegna breytinga á barnafjölda í leik- og grunnskólum, breytinga á einingarverði einkarekinna skóla, nýrra kjarasamninga kennara ofl samþykkt í borgarstjórn 20.12.2016
75. Tillaga um að slíta Jörundi ehf., kt. 450689-1659 með samruna við Reykjavíkurborg, kt. 530269-1609, á grundvelli 105. gr. laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög samþykkt í borgarráði 22.12.2016
76. Tillögur starfshóps um hagræðingaráherslur í ytri þjónustu, í íbúalýðræðisverkefnum, framlínubjónustu, rafrænni þjónustu og umsýslu með um 9,5 mkr sparnaði í ytri þjónustu samþykktar í borgarráði 22.12.2016
77. Tillögur starfshóps um hagræðingaráherslur í innri þjónustu, í alþjóðamálum, mannauðsmálum, skjalaþjónustu, í málum sem varða viðburði, móttökur, gjafir og fundaðþjónustu, í upplýsingatæknimálum og í upplýsingaþjónustumálum með um 88,2 mkr sparnaði í innri þjónustu á árinu 2017 samþykktar í borgarráði 22.12.2016